Reykjavíkurborg
Umhverfis- og skipulagssvið

Skipulags- og samgönguráð

Málsnúmer: USK2020060110

24. nóvember 2020

**Tillaga um umferðaröryggisaðgerðir 2020 – hluti 2**

Lagt er til að skipulags- og samgönguráð samþykki að:

1. Eftirtaldar gönguþveranir verði merktar sem gangbrautir.
    a. Yfir Háteigsveg vestan við Stakkahlíð.
    b. Yfir Urðarbrunn norðan Úlfarsbrautar.
    c. Yfir Úlfarsbraut austan Urðarbrunns.
    d. Yfir Úlfarsbraut vestan Urðarbrunns.
    e. Yfir Úlfarsbraut móts við Lofnarbrunn 28.
    f. Yfir Úlfarsbraut móts við Lofnarbraunn 14.
    g. Yfir Úlfarsbraut austan Freyjubrunns.
    h. Yfir Sogaveg norðan Tunguvegar
    i. Yfir Sogaveg móts við göngubrú að Skeifu
2. Akstur vélknúinna ökutækja verði óheimill á stíg norðan Laugardalsvallar þó verði vöruafgreiðslu, sorphirða og aðkoma að Laugardalsvelli heimil.


*Mynd 1 Lagt er til að óheimilt verði að aka vélknúnum ökutækjum á stíg norðan Laugardalsvallar, merkt með rauðu.*

Ofangreind ráðstöfun verði merkt með viðeigandi umferðarmerki og yfirborðsmerkingu þar sem það á við, í samræmi við reglugerð 289/1995 um umferðarmerki og notkun þeirra ásamt áorðnum breytingum.

*Greinargerð*
Í tengslum við verkefnið umferðaröryggisaðgerðir 2020 sem innifelur ýmiskonar smærri aðgerðir til að bæta umferðaröryggi í borginni eru hér lagðar til nokkrar aðgerðir sem þarfnast samþykkis ráðsins. Ofantaldar aðgerðir eru til viðbótar við þær sem samþykktar voru á fundi ráðsins 1. júlí 2020.

Í samræmi við 1. mgr 84. gr umferðarlaga nr. 077/2019 hefur tillagan þegar verið borin undir lögreglu höfuðborgarsvæðisins sem hefur samþykkt hana.

Fyrir hönd skrifstofu samgöngustjóra og borgarhönnunar

Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir

Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir
Yfirverkfræðingur samgöngumála